

ALMENN FUNDARGERÐ

Skólalþjónustu – og velferðarnefnd Árnesþings

59. fundur skólalþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings haldinn þriðjudaginn 24. janúar 2023 kl. 17:00 í fundarsal bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20.

Mættir voru: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Ásmundur Lárusson, Sigurður Einar Guðjónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson. Einnig sat fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar. (staðgengill forstöðumanns Skóla – og velferðarþjónustu Árnesþings) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Afgreiðslumál:

- 1. Barnaverndarmál – trúnaðarmál – fært í trúnaðarbók**
- 2. Barnaverndarmál - trúnaðarmál – fært í trúnaðarbók**
- 3. Tillaga að breyttum gjaldskráum -** Lagðar fram tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu. Lagt er fram minnisblað frá velferðarþjónustunni um tillögur að hækkun á greiðslum tengdum velferðarþjónustunni, nefndin fjallaði um málið og leggur eftirfarandi til:
 - a) Nefndin leggur til að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á neysluvísitölu (9,3%) frá og með 1. mars 2023, grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 196.740 kr.
 - b) Nefndin leggur til að greiðslur vegna helgarvistunar hjá stuðningsfjölskyldu í barnavernd verði kr. 28.500 á sólarhring og stuðningsfjölskylda vegna fatlaðra barna verði fyrir:
 1. flokk: 39.976 kr.
 2. flokk: 34.265 kr.
 3. flokk: 28.500 kr.
 - c) Nefndin leggur til að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 9,3 %, lægra gjald verði kr. 694 á tímann og herra gjald kr. 984 á tímann.

Erindi til kynningar

- 1. Bréf frá Úrskurðarnefnd Velferðarmála dagsett 14. desember 2022 – fært í trúnaðarbók**
- 2. Nýtt verklag vegna umsókna um að gerast stuðningsfjölskylda – Þeir einstaklingar sem ætla að gerast stuðningsfjölskylda bæði út frá 85. gr.**

NO
JR
SEG
1
AI
SBK

barnaverndarlaga og 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sækja nú um það til Gæða og eftirlitsstofnunar (gev.is) en ekki til þess sveitarfélags sem það er með lögheimili í eins og hefur verið.

3. **Staðgenglar forstöðumanns skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings til 28. febrúar 2023** - Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings lét af störfum 31. desember sl. Nefndin þakkar henni fyrir unnin störf hjá byggðarsamlaginu og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi verður yfirmaður og staðgengill forstöðumanns í skólaþjónustu og Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi og deildarstjóri barnaverndar verður yfirmaður og staðgengill forstöðumanns í velferðarþjónustu til og með 28. febrúar 2023. Þann 1. mars 2023 mun breyting verða á byggðarsamlagi skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings þegar Hveragerði og Ölfus ganga úr samlaginu.

Fundi slitið kl. 18:20

Hveragerði, 24. janúar 2023

Sigurbára Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Smári B. Kolbeinsson
Smári B. Kolbeinsson

Elsa Jóna Stefánsdóttir
Elsa Jóna Stefánsdóttir

Valgerður Sævarsdóttir
Valgerður Sævarsdóttir

Sigurður Einar Guðjónsson
Sigurður Einar Guðjónsson

Ásmundur Lárusson
Ásmundur Lárusson

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir